

Pinggerð

56. landsþing Landsambands hestamannafélaga haldið í félagsheimilinu Kirkjuhvoli 24. og 25. október 2008

Pingforsetar:

Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Valtýr Valtýsson

Ritarar:

Fanney Ólöf Lárusdóttir – aðalritari, Kóp
Elín Heiða Valsdóttir, Kóp

Annað starfsfólk:

Sigrún Ögmundsdóttir skrifstofustjóri ársþingsins og Oddrún Ýr Sigurðardóttir skrifstofu LH, ásamt Guðlaugu Ásgeirsdóttur, Jóni Atla Jónssyni, Örvari Agli Kolbeinssyni, Gunnar Pétur Sigmarsson, Kristín Ásgeirsdóttir, Jón Geir Ólafsson, Kristín Lárusdóttir, Sverri Gíslasyni, Gísli K. Kjartanssyni, Stefáni Jónssyni, Sigurður Kristinsson og fleira góðu hjálparfólki frá Hestamannafélaginu Kópi.

Föstudagur 24 október

Haraldur Þórarinnsson formaður LH setti þingið. Bauð hann þingfulltrúa og gesti velkomna til þings og lýsti ánægju sinni með góða mætingu þrátt fyrir slæmt veður víða um land.

Formaður minntist látinna gullmerkishafa LH, þeirra Jóns Hallsson Búðardal, Gríms Gíslasonar Blöndósi, Friðþjófs Þorkelssonar Mosfellsbæ, Haraldar Konráðssonar Búðarhól, Jóns Bergssonar Ketilsstöðum og annarra látinna félaga. Þinggestir risu úr sætum og vottuðu látnum félögum virðingu sína.

Pingforsetar voru kjörnir:

Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Valtýr Valtýsson

Pingritarar voru kjörin:

Fanney Ólöf Lárusdóttir og Elín Heiða Valsdóttir

Pingforsetar tóku við stjórn fundarins. Sveinbjörn þakkaði traustið og bauð þingfulltrúa velkomna á ársþing LH. Pingforseti leitaði eftir athugasemdum við boðun þings og framlagða dagskrá. Engin athugasemd barst.

ÁVÖRP GESTA:

Bjarni Daníelsson sveitarstóri Skaftárhrepps bauð gesti velkomna á Kirkjubæjarklaustur. Hann sagði að það væri honum mikill heiður og sérstök ánægja að bjóða þingfulltrúa velkomna. Hann sagði að Skaftárhreppur væri fallett svæði og hér væri yfirleitt gott veður. Hann taldi að íbúar Skaftárhrepps segðu að Skaftárhreppur væri einn merkilegasti staður veraldar. Hann sagði að hér á þessu svæði væru margar góðar reiðleiðir. Hann sagðist ekki geta státtað af mikilli hestamennsku sjálfur en minntist þess að þegar hann var ungur hefði hann oft verið með spotta í vasanum og brugðið sér á hestbak. Hann rifjaði upp kynni sín við meri sem hann kallaði Þjöppu en hún var mjög höst og eftirminnileg. Löngu seinna fór hann að rifja upp hestamenskuna og fannst hestarnir hafa stækkað um að minnst tvö metra. Hann las hann síðan bæn hestsins og óskaði síðan Bjarni í lokinn þinginu góðs gengis og góðra stunda í Skaftárhreppi.

Kristinn Hugason. Bar kveðju Einars K. Guðfinnssonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og þakkaði, fyrir hans hönd, boð um að koma á þingið. Ráðherra er upptekin vegna anna í þingstörfum. Kristinn ræddi um uppgang og fjármagn í hestamenskunni undanfarin ár. Nú munu vera aðrir tímar framundan. Hestamenskunni hefur vaxið fiskur um hrygg hérlendis sem og erlendis á uppgangstímum, samfara aukinni þekkingu og fagmennsku. Mannvirki í tengslum við hestamenskuna hafa risið víða um lönd. Kristinn vísaði til þess að ráðuneyti landbúnaðar- og sjávarútvegs hefur látið sig hestamenskuna miklu varða, vill veg greinarinnar sem mestan og leggur áherslu á traust samstarf við hestamenn. Það verður hins vegar að grandskoða í hvað peningarnir fara á þessum erfiðu tímum og lagði hann áherslu á að vandað sé til verka. Ráðuneytið vill styðja við verkefni hestamanna bæði með óbeinum hætti og í formi beinna styrkja. Kom inná umhirðu hrossa á vetrardögum og lagði áherslu á fóðrun og hirðingu hrossanna í ljósi herra fóðurverðs.

Guðlaugur Antonsson hrossaræktarráðunautur. Hann fræði þinginu góðar kveðjur Bændasamtaka Íslands. Hann skilaði góðri kveðju formanns BÍ, Haraldar Benediktssonar, til þingsins. Heimsmeistarmót Hollandi tókst mjög vel. Landsmótið á Hellu á margan hátt velheppnað en ýmislegt þarf að skoða sem betur mætti fara. Góð samskipti eru milli Landsambands Hestamannafélaga og Bændasamtaka Íslands. Bændasamtök Íslands halda utan um kynbótastarf hrossa og sagði hann við starf BÍ varðandi hestamenskuna væri mun viðtækari en menn gerðu sér fyrir og vísaði í auglýsingu BÍ í ársskýrslu LH. Óskaði hann þingheimi velfarnaðar í starfi.

Kristinn Guðnason formaður félags hrossabænda. Þakkar fyrir boð á landsþingið og færði þinginu árnaðaróskir og kveðju frá félagi hrossabænda. Kom inn á umræðu, sem oft kemur upp, um sameiningu félaga og kosti og galla í slíkri samvinnu. Bæði félögin þ.e. landssamtök hestamannafélaga og félag hrossabænda hafa í mörg horn að líta og næg verkefni. Sameiginlegt verkefni er að bæta hestinn, nýtingu hans og verðmætasköpun.

Þingforseti upplýsti að fleiri hefðu ekki óskað eftir að ávarpa þingið. Þorgerður Katrín menntamálaráðherra, Ólafur Rafnsson forseti Íþrótt- og Ólympíusambands Ísland og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ skiluðu góðri kveðju inn á þingið.

FÉLAGAR HEIÐRAÐIR:

Haraldur Þórarinnsson formaður LH rifjaði upp orð Ólafs Rafnssonar um að það gleymdist oft að heiðra félagi sem innu í grasrótinni. Hann kallaði til sín fimm hestamenn sem heiðraðir eru á þessu þingi fyrir vel unnin störf í þágu hestamennskunnar. Það voru:

Sólrun Ólafsdóttir Kirkjubæjarklaustri II

Gísli K. Kjartansson Geirlandi

Þrúðmar Sigurðsson Miðfelli

Árni Jóhannsson Teigi I

Sigurður Sæmundsson Skeiðvöllum

Sveinbjörn þingforseti óskaði þessu fólki til hamingju. Þrúðmar Sigurðsson þakkaði fyrir sig og taldi bæði heiður og ánægju að taka við heiðursmerki samtakanna. Rifjaði upp hestamót sem haldin voru um miðja síðustu öld, þegar konur sáu ekki sem knapar og ekki heldur börn og unglingar. Þar hefur margt breyst. Sem dæmi um það er landsmót 2008 þar sem mikill fjöldi ungmenna og barna var að keppa. Beindi því til þingsins að leggja þurfi enn meiri áherslu á samstarf með unga fólkinu.

Sólrun Ólafsdóttir þakkaði fyrir merkið og ræddi um starf hestamannafélaga. Tók fram að hún hafi hafið starf með hestamannafélaginu vegna þess að félagið reyndist hennar dætrum vel.

Afhending æskulýðsbikars LH:

Haraldur Þórarinnsson formaður LH þakkaði góð orð Þrúðmars. Æskulýðsnefnd hefur ferðast víða um og fylgst með starfi félaganna í æskulýðsmálum. Hestamannafélagið Þytur fær æskulýðsbikar LH 2008 fyrir gott starf í æskulýðsmálum.

Sigún K. Þórðardóttir Þyt þakkaði kæra fyrir þann heiður sem félagið hlyti við fá þessa viðurkenningu og sagði þetta mikla hvatningu fyrir félagið.

KJÖRBRÉFANEFND skilar álit:

Þorvaldur Sigurðsson hestamannafélaginu Andvara var formaður kjörbréfanefndar en aðrir nefndarmenn voru Kolbrún Haraldsdóttir Smára og Hilda Karen Garðsarsdóttir Fáki.

46 félög eiga rétt til þingsetu með alls 171 fulltrúa. Alls hafa 30 félag skilað kjörbréfi með 134 fulltrúum. Formaður las síðan upp nöfn félaga og fullrúa þeirra.

Adam

Pétur Blöndal Gíslason

Andvari

Þorvaldur Sigurðsson, Oddur Hafsteinsson, Ágúst Hafsteinsson, Halldór Halldórsson, Kristinn Hugason, Pétur Maack, Ingvar Sigfússon, Guðjón Gunnarsson og Erling Sigurðsson

Dreyri

Ása Hólmarsdóttir og Sigurður Ólafsson

Faxi

Eygló Hulda Óskarsdóttir, Sigurbjörn Garðarsson og Guðlaugur Antonsson

Fákur

Edda Rún Ragnardóttir, Maríanna Gunnarsdóttir, Bjarni Finnsson, Helga Claessen, Þorgrímur Hallgrímsson, Sigurbjörn Bárðarsson, Þorvarður

	Helgason, Kári Arnórsson, Helga B Helgadóttir, Ragnar Peterssen, Garðar Sigursteinsson, Viðar Halldórsson, Vilhjálmur Skúlason, Árni S Guðmundsson, Eyjólfur P Palmason, Hjörný Snorradótti, Þormóður Skorri Steingrímsson, Birgir Rafn Gunnarsson, Halldór Ólafsson, Hrönn Ægisadóttir, Stefán Pálsson og Hilda Karen Garðarsadóttir
Freyfaxi	Bergur Hallgrímsson og Einar Kristján Eysteinnsson og Þorvaldur Kristinsson
Funi	Brynjar Skúlason, Jónas Vigfússon
Geysir	Ómar Diðriksson, Erlendur Árnason, Eyrún Jónasadóttir, Ísleifur Jónasson, Kristinn Guðnason, Svavar Ólafsson, Jóhann G Jóhannesson, Þróstur Sigurðsson og Árni Jóhannsson
Glaður	Þórður Ingólfsson og Eypór J. Gíslason
Grani	Gísli Haraldsson
Gustur	Sveinbjörn Sveinsbjörnsson, Bjarnleifur Bjarnleifsson, Kristín Jónsdóttir, Guðmundur Hagalínsson, Haraldur Guðfinnsson, Þorsteinn Ragnarsson og Halldór Svansson
Háfeti	Sesselja Sólveig Pétursadóttir og Magnús Hilmarsson
Hornfirðingur	Ingólfur Vopni Ingvarsson og Bryndís Hólmarsadóttir
Hringur	Þorsteinn Hólm og Sveinn Torfason
Hörður	Ingimundur Magnússon, Guðný Ívarsadóttir, Þróstur Karlsson, Alexander Hrafnkelsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Haukur Níelsson, Gyða Helgadóttir, Guðjón Magnússon, Elín Bergsdóttir og Þórir Örn Grétarsson
Kópur	Kristín Lárusadóttir og Jón Geir Ólafsson
Léttir	Andrea Þorvaldsadóttir, Erlingur Guðmundsson, Guðjón Guðjónsson, Sigfús Helgason og Úlfhildur Sigurðardóttir
Ljúfur	Ida Lön, Guðmundur Baldursson og Daníel Jón Kjartansson
Logi	Guðrún Magnúsdóttir, Óskar Guðmundsson og Sigurlína Kristinsadóttir
Máni	Guðbergur Reynisson, Margeir Þorgeirsson, Sigurður V. Ragnarsson, Þórir Ásmundsson, Sigrún Valdimarsadóttir, Pétur Bragason og G. Snorri Ólafsson
Sindri	Petra K. Kristinsadóttir og Þráinn Ragnarsson
Skuggi	Halldór Sigurðsson, Ámundi Sigurðsson og Marteinn Valdimarsson
Sleipnir	Guðmundur Lárusson, Þórdís Viðarsadóttir, Freyja Hilmaradóttir, Ingvi Karl Jóhannesson
Smári	Guðni Árnason, Kolbrún Haraldsdóttir, Rósmarie Þorleifsdóttir og Sigfús Guðmundsson
Snæfellingur	Gunnar Tryggvason og Gunnar Kristjánsson
Sóti	Steinunn Guðbjörnsadóttir og Jörundur Jökulsson
Stígandi	Eymundur Þórarinsson, Jónína Stefánsadóttir og Líney María Hjálmaradóttir
Sörli	Sigurður Ævarsson, Björn Bjarnason, Guðrún Guðmundsdóttir, Margrét Friðriksadóttir, Vilhjálmur Ólafsson, Darri Gunnarsson, Halldóra Hinriksadóttir, Berglind Finnbogadóttir, Páll Ólafsson, Magnús Sigurjónsson og Kristín María Jónsdóttir.
Trausti	Margrét Hafliðadóttir og Bjarni Þorkelsson
Þytur	Sigrún K. Þórðardóttir, Sverrir Sigurðsson og Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir

Þingforseti bar upp álit kjörbréfanefndar og var það samþykkt samhljóða.

KJÖR ÞINGNEFNDA:

Guðmundur Hagalínsson formaður kjörnefndar kynnti störf nefndarinnar. Þingnefndir, samkvæmt lögum LH eru 6, auk þess sem skipa má fleiri ef þing samþykkir. Nefndin gerir tillögu um 7 nefndir. Skipaðir eru fimm fulltrúar (þar af einn formaður) til að tryggja starfshæfni nefndar. Aðrir fulltrúar taki sér sæti í þeirri nefnd sem þeir óska eftir. Geta þeir þó aðeins tekið þátt í atkvæðagreiðslu í einni nefnd, komi til þess. Auk Guðmundar í nefndinni eru Sigrún Ólafsdóttir Gusti en hún er ekki hér vegna veikinda og Margeir Þorgeirsson Mána.

Guðmundur vitnaði m.a. í lög LH um hlutverk kjörnefndar og kosningu kjörbréfanefndar:

Úr kafla 1.4.2. Stjórnskipaðar nefndir

Auk framangreindra nefnda skipar stjórn LH kjörnefnd þriggja manna eigi síðar en 2 mánuðum fyrir landsþing hverju sinni. Kjörnefnd hefur það hlutverk að gera tillögur til landsþings um fulltrúa í sambandsstjórn, þingnefndir og formenn þingnefnda.

Kjörnefnd skal gera tillögu til stjórnar LH um skipun kjörbréfanefndar eigi síðar en 2 vikum fyrir landsþing hverju sinni.

Hlutverk kjörbréfanefndar er fyrst og fremst að fylgja eftir gr. 1.2.3. í lögum LH.

Áliti kjörnefndar var dreift til fundarmanna.

Þingforseti kallaði eftir athugasemdum og smávægilegar leiðréttingar voru gerðar.

Kjörbréfanefnd

Þorvaldur Sigurðsson formaður Andvara

Fjárhagsnefnd

Ólöf Guðmundsdóttir formaður Herði

Allsherjarnefnd

Þröstur Karlsson formaður Herði

Æskulýðsnefnd

Þorvarður Helgason formaður Fáki

Keppnisnefnd

Sigurður Ragnarsson formaður Mána

Kynbótanefnd

Kristinn Hugason formaður Andvara

Ferða- og umhverfisnefnd

Vilhjálmur Ólafsson formaður Andvara

Öryggisnefnd

Eyþór Gíslason formaður Glað

Guðrún Magnúsdóttir gerir þá tillögu að Óskar Guðmundsson hjá Loga komi í ferða-og umhverfisnefnd í stað Guðrúnar. Halldór Olgeirsson situr ekki þingið þannig að þingforseti óskar eftir að formaður kjörnefndar komi með tillögu um fimmta mann í kynbótanefnd.

Guðmundur leggur fram þá tillögu um Ísleif Jónasson sem fimmta mann í kynbótanefnd.

Tillaga kjörnefndar lögð fyrir þingið og samþykkt samhljóða.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG REIKNINGAR:

Haraldur Þórarinnsson formaður flutti skýrslu stjórnar sem gefin er út í prentuðu formi með fundargögnum og vísast til hennar.

Haraldur fór yfir helstu þætti skýrslunnar. Vísaði til kjörorða LH, Íþrótt, menning, lífstíll. Þakkaði starfsfólki á skrifstofunni og öðru starfsfólki LH fyrir sitt framlag og gott samstarf. Taldi verkefni skrifstofunnar alltaf vera að aukast. Sigrún hætt störfum hjá LH eftir átta ára starf en kemur að sérverkefnum og bar m.a. hitan og þungan að undirbúningi þessa þings. Þakkaði Sólveigu og Sigrúnu sérstaklega fyrir gott starf. Gefið hefur verið út blað, LH fréttir, í samstarfi við Fréttablaðið og spurning hvort halda eigi því áfram. Nefndarstörf eru í góðum farvegi og hefur verið skipuð ný nefnd sem vinnur að því að undirbúa skráningu á sögu LH. Dómaramál eru alltaf heit og eru alltaf til umræðu. Haraldur lagði áherslu á að þau mál þurfi ávallt að ræða af skynsemi. Reiðvegamál eitt stærsta verkefni LH. Mikið hagsmunamál fyrir hestamenn. Það hefur dregist að fá samþykkt lög um að banna alla umferð um reiðvegi annað en hestaumferð. Sæmundur Eiríksson var ráðinn á árinu til að skrá og flokka reiðleiðir. Keppnisfélög eru unnin á vegum keppnisnefndar. Keppendur fyrir landsliðið hafa staðið sig mjög vel og utanumhald um keppnisliðið til stakrar fyrirmyndar. Framganga keppnisliðsins er gluggi íslenskrar hestamennsku út á við. Vel staðið að landsliði unglinga. Æskulýðsmál er eitt að grunnþáttum LH. Staðið var fyrir fundum og námskeiðum. Haldinn var ráðstefna um æskulýðsmál og var það velheppnað í alla staði. Öryggismál er gríðarlegt hagsmunamál fyrir hestamenn og var skipuð öryggisnefnd sem hefur skilað af sér niðurstöðum um á helstu þætti sem huga þarf að varðandi öryggismál. Haraldur kom inn á erlent samstarf og taldi nauðsynlegt að LH væri virkt í því. Unnið er að endurskoðun á lögum og reglum FEIF og var skipuð nefnd til þess og er Gunnar Sturluson fulltrúi LH í henni. Unnið hefur verið að markaðssetningu íslenska hestsins í Frakklandi skv. frumkvæði frakka. Landsmót hestamannafélaga var haldið á Hellu í sumar. Endurskoða þarf umgjörð landsmóta og rekstur LM ehf með það að markmiði að það nýtist eigendum sínum sem best. Heimasíða LH er í endurskoðun svo hún nýtist hestamönnum sínum sem best. Menntamál mikilvægur þáttur í hestamenskunni og því nauðsynlegt að tengjast vel öðrum eins og Landbúnaðarháskóla Íslands, Fjölbautaskóla Suðurlands og ÍSÍ sem koma að fræðslu og kennslu í hestamennsku.

Nokkur sérstaklega mikilvæg mál. Má þar nefna lagasetningu um réttarstöðu hestamanna, lög varðandi skipulag hesthúsabyggða, skattalög og fasteignagjöld á hesthúsaeigendum.

Mikilvægustu málefni hestamannafélaga eru reiðvegamál, æskulýðsmál og menntamál. Það skiptir okkur miklu máli að það fari fram málefnaleg umræða um hestamenskuna á þessu þingi.

Ársreikningar 2006 og 2007, 8 mánaða uppgjör og fjárhagsáætlanir fyrir 2009 og 2010

Marianna Gunnarsdóttir gjaldkeri LH lagði fram reikninga sambandsins fyrir árin 2006 og 2007 og skýrði þá. Einnig kynnti hún átta mánaða rekstur LH og fjárhagsáætlanir 2009 og 2010, var þeim vísað til fjárhagsnefndar.

Á rekstrarreikningi voru tekjur árið 2006 kr. 27.006.772,-. Gjöld voru kr.27.170.841,-. Tap ársins án fjármagnsliða var kr. 164.069,- og alls með fjármagnsliðum 576.771,-.

Á rekstrarreikningi voru árið 2007 kr. 45.246.719,-. Gjöld kr. 41.904.856,-. Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði kr. 3.341.863,-. Hagnaður alls með fjármagnsliðum 4.872.139,-.

Sjá nánar í skýrslu stjórnar – hefti sem dreift var á þinginu.

Tekjur fyrstu 8 mánuði ársins 2008 kr. 30.696.046,-

Gjöld fyrstu 8 mánuði ársins 2008 kr. 30.796.439,-

Tap án fjármagnsliða fyrstu 8 mánuði ársins 100.393,-

Þingforseti minnti á skráningarblöð fyrir makaferð á laugardag. Kom einnig á framfæri skoðanakönnun sem var dreift í upphafi þingsins. Mastersverkefni við HÍ.

UMRÆÐUR OG AFGREIÐSLA **um skýrslu stjórnar og reikninga:**

Sigurður V. Ragnarsson, Fáki: Bar fram spurningu um reikninga sem voru ógreiddir í upphafi árs 2007.

Bjarni Þorkelsson, Trausta: Þakkaði fyrir skýrslu stjórnar. Spurði út í vilja stjórnar til að endurskoða umgjörð landsmóta og vildi vita hvort þessi vinna væri komin af stað?

Kári Arnórsson, Fáki: Upplýsti um söguritun LH, sagði frá að stjórn LH hefur farið fram á það við hann að kom að því verki. Sagði frá því að nú væri verði að ræða um að gefa alla 60 ára sögu LH út í einni bók. Skýrði frá því að hugmynd hefði verðið uppi um að safna kaupendum að bókinni á þessu þingi, þ.e. selja fyrirfram þónokkrar bækur. Ákveðið bakslag hefur komið í þennan undirbúning vegna fjármálavanda. Bókin myndi kosta yfir 7.000 kr. stykkið. Einnig væri verið að binda LH til ákveðinna fjárútláta. Óskar eftir umræðu um þessi mál hér á þinginu og telur að það sé hægt að undirbúa og hefja vinnu við bókina þó svo að það takist ekki að ljúka við hana á afmælisárinu.

Marteinn Valdimarsson, Skugga áður Gláð en aldrei gláður: Þakkar skýslur og upplýsingar. Tók eftir því að vextir voru neikvæðir. Vildi fá upplýsingar um stöðu þessara mála.

Jónas Vigfússon, Funa: Þakkar fyrir greinargóða skýrslu stjórnar. Fyrirspurn um að hvort það hafi verið ráðinn starfsmaður til að skrá reiðleiðir í framhaldi af ákvörðun

síðasta ársþings. Á formannafundum sem hafa verið haldnir síðan var samþykkt að LH fari fram á það við Vegagerðina að hún réði starfsmann til að vinna að þessum málum. Veghaldarar eru alla jafna Vegagerðin og sveitarfélög. Spurningin er um hvort þessi leið hafi ekki verið farin samkvæmt samþykkt á formannafundi. Vitnar í fundargerð formannafundar.

Ber einnig fram spurningu um staðarval landsmóts 2010. Fjórir staðir hafa sótt um að halda þetta mót, þar á meðal Melgerðismelar. Telur grundvallaratriði að dreifa landsmótunum til þess að efla hestamenskuna sem víðast og hjálpa fólki við uppbyggingu og að breiða út fagnaðarerindið. Átelur að stjórnin hafi samþykkt á símafundi stjórnar án þess að vera búin að kynna sér erindi varðandi landsmótsstaði sem bárust til stjórnarinnar. Vitnar í stjórnarfund þar sem stjórnin skipar nefnd um landsmótshald 2010. Þar er bókað að hefja umræðu um staðsetningu á Vindheimamelum. Hestamannafélagið Funi gerir athugasemd við þessi vinnubrögð án þess að ræða við félagið, þrátt fyrir boð um að halda landsmót 2010. Búið er að semja við Skagfirðinga um landsmót á Vindheimamelum eftir tvö ár. Lýsti því að lokum yfir að hann muni ekki kjósa þessa stjórn aftur.

Sigrún Þórðardóttir, Þyt: Undir liðnum Kostnaður vegna móta 2007. Þar er kostnaður vegna miða á HM og spurði fyrir hverja þessir miðar voru keyptir.

Bjarni Finnsson, Fák: Ber fram spurningu um hvenær á þinginu verður vettvangur til umræðu um landsmót hestamanna, mótsvæði og endurskoðun á umgjörð mótanna.

Margrét Friðriksdóttir, Sörla: Var með fyrirspurn um hvar handbók fyrir æskulýðsfulltrúa væri stödd? Var því svarað úr sal að það yrði kynnt seinna á þinginu.

Haraldur formaður LH svaraði fyrirspurnum og vísar spurningum um fjármál til Maríönnu. Varðandi fyrirspurn Bjarna Þorkelssonar um endurskoðun á landsmótum þá sagði hann að þung umræða væri um að landsmót væru yfirhlaðinn. Eins og í sumar að þá riðlast öll dagskrá vegna slæms veður og það er ekki gott. Spurning hvort landsmót eigi að vera sér fyrirtæki. Fyrirtæki sem heitir t.d. Viðburður og það sæi um landsmót, fjórðungsmót og fleira. Varðandi Söguritun að þá var Kári var búinn að koma inn á það mál og yrði það mál tekið fyrir á þinginu. Varðandi fyrirspurnir og athugasemdir Jónasar að þá eru reiðvegamála mikil mál hjá hestamönnum. Hann telur mikilvægt að LH þrýsti á um að þessi reiðvegaverkefni séu unnin. Mikil fjárför og sækja þarf stíft til Vegagerðar svo hún staddi við sitt. Ferða – og umhverfisnefnd þarf að gera tillögu um reiðvegamála. Landsmótumræða er eilífðar umræða. Telur að stjórnin hafi unnið af heilindum. Reynt að ná niður kostnaði við að halda mótin eins og hægt er. Vill ekki karpa um þau. Þetta þing er til að ræða málin og álykta um þau. Stjórnin vann málið eins vel og hún gat gert. Lárus Dagur fer yfir Landsmótið 2008 þannig að þá verður spurning Bjarna svarað varðandi það.

Marianna Gunnarsdóttir svarar spurningum um reikningana. Spurning um ógreiddan kostnað um áramót, skýring 12. Hefur allt verið greitt. Innvextir koma inn á reikning í lok árs og þar með skýrir það stöðuna fyrir 2008.

Mótsmiðar, boðsmiðar fyrir styrktaraðila á heimsmeistaramótið, Forseti ÍSÍ, ráðherrar o.fl. og hlutur LH í kostnaði við VIP kynningu í tjaldi á HM á móti FEIF.

Pingforseti bar upp reikning ársins 2006 undir atkvæði og var hann samþykktur samhljóða.

Reikningar 2007 voru einnig bornir undir atkvæði og voru samþykktir samhljóða af þingfulltrúum.

Fjárhagsætlanir: Maríanna Gunnarsdóttir

Maríanna Gunnarsdóttir fór yfir átta mánaða rekstur ársins 2008. Samtals tekjur; 39.538.796,- Samtals gjöld 39.354.851,-.

Fjárhagsætlun 2009: Tekjur 40.900.000,- gjöld: 41.210.000,- tap fyrir fjármagnsliði: 310.000,- hagnaður eftir fjármagnsliði: 540.000,-.

Fjárhagsáætlun 2010: Tekjur: 31.500.000,- gjöld : 31.200.000,- hagnaður fyrir fjárhagsliði 300.000,- hagnaður eftir fjárhagsliði 1.150.000,-.

Sjá nánar skýrslu stjórnar – hefti sem dreift var á þinginu.

Fjárhagsáætlunum vísað til fjárhagsnefndar.

Tekið kaffihlé og erindi um Landsmót hestamanna frestað fram yfir kaffi.

ERINDI: Landsmót hestamannafélaga:

Lárus Dagur Pálsson flutti erindi um Landsmót hestamannafélaga 2008.

Lárus fór yfir Landsmót 2008 og taldi gott að upplýsa þingið um það. Landsmót ehf. er félag með þriggja manna stjórn. Þann 20. apríl 2007 var kosin ný stjórn og í henni sitja: Lárus Dagur Pálsson, Gunnar Dungal og Eyþór Einarsson. Ágúst Sigurðsson kom í stað Eyþór meðan hann stundaði nám erlendis. Landsmót ehf leigði reiðhöll á Rangárbökkum og aðstöðuna. Leiga á aðstöðunni lækkaði vegna fjárveitinga til Rangárbakka frá ríkinu vegna fyrirhugaðrar sölu á eignum í Gunnarsholti. Við undirbúning fundaði stjórn með skipuleggjendum heimsmeistaramóts og fóru yfir þá þætti sem vel komu út hjá þeim og löguðu það sem betur mætti fara. Áhersla stjórnar var að byrja fyrr en vanalega við skipulag og telur Lárus það nauðsynlegt. Stefnt var að því að mótið væri fjölskylduhátíð. Farið var vel yfir alla kostnaðarliði og allt skipulag mótsins í heild sinni. Mótstjórn skipuleggur mótið og framkvæmdastjóri sér meira um fjárhagshliðina.

Nokkrir mikilvægir þættir sem Lárus nefni í sambandi við skipulagningu mótsins:

- Gott að hafa góða tengingu við LH
- Tæknistjóri sá sami til margra ára
- Samkeppni um veitingar á svæðinu
- Góður starfsmannastjóri
- Hliðardagskrá, skemmtidagskrá
- Gott samstarf við hrossaræktarráðunauturinn

Starfsmannamál áhyggjuefni. Fór yfir þann mikla fjölda starfsfólks sem koma þarf að vinna á mótinu. Það eru tæplega 1700 vaktir sem þarf að finna mannafla í og þetta eru um

12.600 klst. Gríðarlegur fjöldi fólks. Hann fór yfir dagskrá landsmótsins. Velti því upp hvort það ætti að fækka gæðingunum á mótinu til að stytta dagskrána. Um 14.000 manns mætti á landsmót og það á alltaf að reyna að auka aðsóknina. Hann kom inn á fjölmiðlaumfjöllum og kynningarmál. Um 80 blaðamenn og þ.a. 25 erlendis frá. Gerður var samningur við RÚV og var gerð samantekt eftir hvern dag hjá RÚV. Dregið var úr auglýsingakostnaði og beittu sér öðruvísi við kynningu. Landsmótið gert fjölskylduvænna og það er vel.

Nýjungar voru m.a. miðasala á netinu. Gert í samstarfi við sinn aðal styrktaraðila Ícelandair. Barnasvæðið kom vel út og mikil ánægja með það. Dansleikir auglýstir til klukkan eitt. Mótsvæðið girt af og rýmt á nóttunni og kom það vel út. Mikið sparað við þetta. Um 300 hjólhýsastæði og voru þau uppseld. Aðgengi að reiðhöll og leigð fyrir sölubása, veitingar og hestatorg.

Mál sem helst hafa verið gagnrýnd eru og fór Lárus yfir þau mál:

- Salernismál. Þrýstingur fór af vatni á svæðið sem olli vandræðum. Staðsetning salerna þarf að vera í lagi...
- Tjaldstæði. Hestamannafélagsbúðirnar voru ekki nógu vel staðsettar og baðst Lárus afsökunar á því. Talið var að það þyrfti stærra svæði og það því fært sem olli þessum vandræðum.
- Gæslan kom ekki nógu vel út. Gerður var samningur við Björgunarsveitina á Hellu og gekk þetta ekki upp. Þarf víkingasveit ef allir eiga að þegja alla nóttina. Umsögn lögreglu um mótið var góð.
- Gagnrýni söluaðila. Staðsetning reiðhallar og töf á afhendingu hennar.
- Dómaramál. Mikill hiti var um val og niðurröðun dómara. Einnig gagnrýnt að keppendur geti hringt í dómara áður en keppnsgrein líkur. Þyrfti að setja alla dómara sem eru hæfir í einn pott og draga um hver dæmir hvar.
- Dagskrá var þung og mikil. Hvað er til ráða? Mikilvægt að endurskoða tímaramma. Hverju má sleppa og hvað á að vera? Mikilvægt að halda fjölbreytileikanum og hafa það allra besta á þessari viku.

Rekstrarleg niðurstaða:

Hagnaður félagsins fyrstu níu mánuðina þessa árs um 24 milljónir. Peningaleg staða yfir 20 milljónir á innleggsreikningi.

Almennt um mótið.

- Góður hestakostur
- Hestamennska á góðri uppleið og jákvæð umfjöllun
- Ótrúlegar veðuraðstæður, þ.e. slæmar
- Rangárbakkar hafa sína kosti og galla
- Svæðin þurfa að var tilbúin viku fyrr en verið hefur
- Gríðarlega mikið umfang

Framtíðin. Umgjörðin er núna breytt vegna breyttra efnahagsmála. Hestamannafélögin þurfa að geta komið meira að mótinu til að lækka kostnað beggja aðila. Er grundvöllur fyrir fleiri mót? Lárus Dagur óskaði þinginu að lokum velfarnaðar og þakkaði fyrir sig.

Umræður um erindi :

Sveinbjörn Þingforseti vakti athygli á góðri rekstrarniðurstöðu landsmótsins og þingfulltrúar klöppuðu fyrir því fólki sem stóð að mótinu. Gaf orðið laust.

Ómar Friðriksson Geysi: Þakki fyrir góða skýrslu. Hvers vegna er svona klár stefna LH að borga ekki leigu fyrir mótssvæðin?

Sigurður Ragnarsson, Mána: Óskaði til hamingju með þessa útkomu og aðsóknina. Vildi beina því til fólks að slökkva á símunum svo þeir trufla ekki erindin.

Bjarni Þorkelsson, Trausta: Þakkaði góða skýrslu um landsmótið. Taldi að hægt væri að vera með langmál bæði á jákvæðum og neikvæðum nótum. Bjarni velti því upp hvort ekki væri ástæði til að gera grundvallarbreytingu á landsmótshaldinu. Eitt af því sem kom fram hjá Lárusi að halda landsmót á hverju ári enn halda forminu sem slíku og fjölbreytileikanum. Bjarni velti því hins vegar upp að helga annað árið kynbótahrossum en hitt árið yrði haldið unglingslandsmót. Þetta fyrirkomulag tíðkast hjá ungmennahreyfingunni og þar hafa unglingslandsmót UMFÍ slegið algerlega í gegn.

Þórir Örn Grétarsson: Með spurningu til Rangárbakka hvort ekki væri tímabært að græða landið upp í kringum Rangárbakka.

Erling Sigurðsson, Andvara: Þakkaði góðri stjórn fyrir sín störf og ætlar að kjósa þau. Þakkar góða skýrslu Lárusar. Hann var á landsmótinu líkt og Lárus og taldi hann glæsilegasta mót sem haldið hefur verið. Aðstaða fyrir áhorfendur var góð. Hann gagnrýndi hins vegar aðstöðu fyrir keppendur og keppnishesta. Haginn kláraðist í hólfum fyrir keppnishesta. Fór með hesta burtu á fimmtudegi og telur mistök að hestamannafélögin væru ekki á sínu svæði. Taldi hann að svæðið hefði verið eins og Saharaeyðimörk. Hann gagnrýni að svæðinu hefði verið lokað kl. 1 og taldi það mistök. Fylgdi því mikil læti á tjaldstæðum. Var ekki sáttur við salernisaðstöðuna. Í heildina tókst mótið vel en einstka atriði mátti betur fara. Kom inn á skeiðkeppni. Telur að brotið sé á skeiðmönnum og segir það standi í lögum LH að verðlauna eigi fimm hesta í keppni.

Kristinn Guðnason, Geysi: Tekur undir það sem fram hefur komið. Góð útkoma á mótinu og að meginhluta gott. Telur að skoða verði í sambandi við tónlist. Spurði út í það hvort Björgunarsveitin hafi ekki staðið við sitt. Þarf að skila mótsvæðunum fyrr tilbúnum fyrir mót og ákveða fyrr hvar mót skal haldið. Var ekki sammála um að girða svæðið af og loka því. Taldið að sumu leyti væri verið að henda vandamálum út fyrir með því að girða mótsvæðið af.

Lárus Dagur svaraði fyrirspurnum:

Varðandi spurningu Ómars um leigu á mótssvæði að þá horfir það fyrir félaginu að horfa í rekstrarafkomuna. Það komu miklir peningar frá ríkinu sem voru ekki endileg eingöngu ætlaðir til reiðhallarinnar.

Varðandi spurningar og athugasemdir Erlings að þá var ekki auglýst gjaldfrjáls tjaldstæði af mótsstjórn og tók undir margt sem Erling sagði. Hann vildi ekki meina að brotið hefði verið á kappreiðaknöpum.

Varðandi spurningar Kristins að þá taldi hann að Björgunarsveitin hefði ekki staðið við sinn hluta samnings. Þeim tókst ekki að manna sínar vaktir. LH var líklega of knapt í mönnun. Telur rétta ákvörðun um að girða mótssvæðið af en hefði verið heldur lengri.

Haraldur formaður: Þakkaði stjórn Landsmóts ehf fyrir gott mót 2008. Svaraði spurningu Ómars um árgjald fyrir svæðin. Nefndi dæmi að ef 20% árgjald væri fyrir leigu á mótssvæði að þá væri niðurstaða landsmóts í mínus. LH hefur barist fyrir að ná niður kostnaði við mótahöldin svo að mótin reki sig ekki alltaf með tapi.

ERINDI: LH verður 60 ára 2009, fyrir hvað stendur LH?:

Vilhjálmur Skúlason flutti erindi um að LH yrði 60 ára 2009.

Vilhjálmur Skúlason flytur erindi um LH 60 ára árið 2009. LH hefur áhuga á að skoða betur fyrir hvað þessi félagsskapur stendur. Kallaður var saman vinnuhópur og farið í hugarflugsvinnu með Capacent ráðgjöfum. Capacent tók svo saman niðurstöðu úr þeirri vinnu s.s. grundvallaratriði í hestamennsku, framtíðarsýn o.fl. Þessi samantekt verður sett inn í vinnu nefnda á þinginu þar sem þær munu ræða um hlutverk og markmið LH í framtíðinni. Vilhjálmur óskar nefndunum velfarnaðar í störfum.

Þingforseti flytur tilkynningu frá hestamannafélögum á Norðvesturlandi. Fundað á Hótel Klaustri í kvöld vegna fjórðungsmóts fyrstu helgina í júlí 2009.

TILLÖGUR TIL ÞINGSINS

Valtýr þingforseti fór yfir tillögur sem liggja fyrir þinginu. Gerði hann grein fyrir fundi sem hann átti með formönnum nefnda þingsins og að þeir hefðu komist að samkomulagi um eftirfarandi vísun tillagna til nefnda:

Tillaga á þingskjali nr. 1	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 2	Ferða – og umhverfisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 3	Kynbótanefnd
Tillaga á þingskjali nr. 4	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 5	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 6	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 7	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 8	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 9	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 10	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 11	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 12	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 13	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 14	Allsherjarnefnd, umfj. keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 15	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 16	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 17	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 18	Allsherjarnefnd

Tillaga á þingskjali nr. 19	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 20	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 21	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 22	Æskulýðsnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 23	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 24	Keppnisnefnd, umf. æskulýðsn.
Tillaga á þingskjali nr. 25	Keppnisnefnd, umf. æskulýðsn.
Tillaga á þingskjali nr. 26	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 27	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 28	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 29	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 30	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 31	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 32	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 33	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 34	Allsherjarnefnd

Samkvæmt lögum er tillögum vísað til nefnda án umræðu. Valtýr vísaði nefnum á sína fundarstaði. Að þessu loknu var gengið til nefndarstarfa og þinghaldi frestað til morguns.

Laugardagur 28.október

Sveinbjörn þingforseti setti fund kl. 9:00 og bauð þingfulltrúa velkomna til seinni dags þings. Hann kallaði Erling Sigurðsson upp til að stjórna söng í byrjun fundar. Erling kallaði upp nokkra valinkunna karla og var sungið svo undir tók. Gengið var til dagskrár og kynnt í hvaða röð nefndir skiluðu álitinu sínu og tillögum.

Kári Arnórsson kom með eina stöku:

Ýmsir eru að spá í hver sé vandinn
Hann er að græðu uppmeð Ella
allan sandinn.

NEFNDIR SKILA ÁLITI:

KEPPNISNEFND

Sigurður V. Ragnarsson er formaður nefndarinnar en alls störfuðu 31 maður í nefndinni. Nefndin fékk til sín 7 þingskjöl til umfjöllunar og 2 þingskjöl til ályktunar. Hver tillaga tekin til afgreiðslu fyrir sig.

Þingskjal nr. 7

Fjallar um að í gæðingakeppni skuli yfirferð í unglingsflokki riðið á tölti. Keppnisnefnd leggur til að tillagan verði felld.

Darri Gunnarsson, Sörla: Starfaði í keppnisnefnd. Hann vildi leggja áherslu á að tillagan þrengir möguleika unglingsanna til keppni.

- Þingskjal nr.7 borin upp og fellt með yfirlitshöfundum fjölda atkvæða -

Þingskjal nr. 8.

Fjallar um úrslitakeppni í gæðingakeppni, í öllum flokkum, skuli sýna hið minnsta tvær langhliðar upp á hvorra hönd á þeirri gangtegund sem um er beðið til að fá meðaleinkunn eða herra.

Keppnisnefnd leggur til að þingskjalið verði fellt og vísa í þingskjal nr. 30.

- Þingskjal nr.8 fellt með yfirlitshöfundum.

Þingskjal nr. 9

Gerð tillaga að lagabreytingu í kafla 4.2 um styrkleikaskiptingu opins flokks hjá ungmennum. Bæta eftirfarandi við greinina: „*Ungmendum er heimilt að keppa í meistaraflokki hafið parið (knapinn og hesturinn) náð lágmarkseinkunn til þess. Eftir að keppnisparið hefur tekið þátt í meistaraflokki einu sinni á keppnisárinu þá verður það að keppa í viðkomandi grein í þeim flokki út keppnisárið þ.m.t. á Íslandsmóti fullorðina en hefur ekki rétt til að keppa í ungmennaflokki á Íslandsmóti barna-, unglings og ungmenna í viðkomandi grein. Árangur í meistaraflokki telst ekki til stigaskiptunar í ungmennaflokki.*”

Einnig gerð tillaga að breytingu í kafla 5.2 um keppnisgreinar á Íslandsmóti ef breytingin í 4.2 yrði samþykkt að þá var gerð tillaga um að fella niður orðið „fullorðinna” í annarri setningu í 1. málsgrein. Þannig að greinin myndi hljóða þannig: „*Á Íslandsmóti fullorðinna skal keppt í meistaraflokki og 1. flokki. Knapa á Íslandsmóti er einungis heimilt að keppa í einum styrkleikaflokki í hverri grein.*”

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Bjarnleifur Bjarnleifsson: Lagði til að tillagan yrði felld, vísaði til núverandi flokkaskiptingar og að ekki væri verið að vinna gott með þessum breytingum.

Árni Guðmundsson: Taldi tillöguna gallaða en að verið væri að hugsa um afreksknapa. Þessi aldurflokkaskiptin var samþykkt á Selfossi vegna þess hve mikið af ungmendum falla út í keppni þar sem þeir eru ekki tilbúnir til að keppa við fullorðina. Vísaði í reglur ÍSÍ og vill bjóða upp á þessa aldursflokka en einnig bjóða upp á að einstaklingarnir geti keppt í eldri flokkum.

Sigurður Ævarsson: Benti á að krakkar hefðu marga möguleika á að keppa upp fyrir sig í aldri. Jafnræði í keppni væri hins vegar mikilvæg í flokkaskiptingu. Telur þessa tillögu ekki tímabæra. Mælir með tillagan verði felld.

- Þingskjal nr. 9 borið undir atkvæði og fellt með 66 atkvæðum gegn 55 .

Þingskjal nr. 10.

Fjallar um að ef knapi ætlar að keppa á öðrum hesti en hann er skráður með skulu þær breytingar berast mótisstjórn í seinasta lagi sólarhring áður en mót hefst. Nefndin leggur til að þingskjalið verði fellt.

- Þingskjal nr. 10 fellt með yfirlit og atkvæðum -

Þingskjal nr. 11.

Fjallar um að beina því til stjórnar að beita sér fyrir því að það verði að reglu að dregið sé um rásröð keppenda á alþjóðlegum mótum. Nefndin leggur til að tillagan sé samþykkt.

Sigurður Evarsson, Fái: Kom með tillögu 11a um að afgreiðsla keppnisnefndar verði færð í tillögubúning og hún borin undir atkvæði.

Afgreiðslu frestað þar til hún verður borin upp sem tillaga 11a.

Þingskjal nr. 12.

Lagt er til að gera breytingu á sýningu á skeiði og nefndin leggur til að tillagan verði felld. Engar umræður.

- Þingskjal 12 borið upp og felld -

Þingskjal 13.

Fjallar um að breyta kafla 7.8.1 um að það fyrirkomulag sem notað hefur verið í undankeppni gæðingasýninga, þ.e. forkeppni verði lagt niður og þess í stað komi 1 hestur í dóm á hringvellingnum í einu. Nefndin leggur til að tillagan verði felld.

- Þingskjal nr. 13 felld með yfirlit og meirihluta -

Þingskjal nr. 14.

Fjallar um breytingar á kafla 6.5 í lögum og reglum LH um val hrossa og keppenda á Landsmót. Lagt er til að 80 hestar hljóti keppnisrétt, í hverjum flokki, á Landsmóti. Lagt er til að aðildarfélag innan LH hljóti keppnisrétt fyrir 1 hest í hverjum flokki á. Að öðru leyti ræðst keppnisréttur eftir einkunn viðkomandi hests á viðurkenndu úrtökumóti fyrir Landsmót þar til lokafjöldi (80) innan hvers flokks er náð. Nefndin leggur til að tillagan verði felld að sinni.

- Ekki afgreidd núna þar sem allsherjarnefnd sér um afgreiðslu hennar -

Þingskjal nr. 15.

Lagt er til breytingu á kafla 7.4.3 í lögum og reglum LH á sýningu skeiðs þannig að heimilt sé í A flokki gæðinga að hefja keppni á brautarenda (175m braut) í skeiðsýningu. Nefndin leggur til að tillagan verði felld. Telur að hún muni aðeins auka á vandamál í sýningu skeiðs.

- Þingskjal nr. 15 borin undir atkvæði og fellt með öllum greiddum atkvæðum -

Þingskjal nr. 17.

Lagt er til breytingu á kafla 8.7.7.4 í lögum og reglum LH um að tími keppenda í gæðingaskeiði verði alltaf gefinn upp á undan einkunn fyrir niðurhægingu. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

- Þingskjal nr. 17 samþykkt samhljóða -

Þingskjal nr. 21.

Fjallar um að einungis verði keppt í einum flokki í hverri grein á Íslandsmóti fullorðinna í hestaíþróttum. Einungis þeir sem náð hafa tiltekinni lágmarkseinkunn (lágmarkstíma í skeiðgreinum) hafa rétt til þátttöku. Lágmarkseinkunn og lágmarkstími verði skilgreindur nánar.

Nefndin leggur fram breytingartillögu, 21a, og í henni er lagt til að einungis verði keppt í einum flokki í hverri grein á Íslandsmeistaraflokki fullorðina.

Sigurður Ævarsson: Leggur fram breytingartillögu. Bæta við setningu: **Keppt eftir reglum meistaraflokks. Í fimmtu línu ekki keppnisreglum heldur keppnisgreinum.*

Bjarnleifur Bjarnleifsson: Benti á að áður hafi verið samþykkt sambærileg tillaga en ekki hefði verið til tæki og töl til að fylgjast með lágörkum varðandi styrkleikaflokka.

Sigurður Ævarsson: Taldi að lágörkin væru aukaatriði. Atriðið er að einn keppandi inn á í einu að keppa.

Bjarnleifur Bjarnleifsson: Hann vill ekki að lágörk séu inni í þessari tillögu.

Sigurður Ragnarsson: Tekur fram að ekki er skýrt tekið fram í lögum um lágörk. Það eru ekki lágörk innifalin í þessari tillögu. Leggur til að tillagan verði samþykkt eins og hún er.

Oddur Hafsteinsson: Bendir á að tækin og tólin eru til en félögin skili ekki inn mótum þannig að hægt sé að fara eftir þessu.

Darri Gunnarsson, Sörla: Benti á að fjallað er um barna-, unglínga- og ungmennamót og fullorðinsmót. Má skilja sem svo að tillagan feli í sér að hægt verði að setja lágörk inn í æskulýðsgreinarnar. Það er ekki hugmyndin með tillögunni og þarf að lagfæra.

Bjarnleifur Bjarnleifsson: Vill ekki að það séu örfáir sem geti tekið ákvörðun. Þarf að vera skýrt.

Breytingartillaga frá Sigurði Ævarssyni og Darra Gunnarssyni sem kemur aftan við næst síðustu setningu greinarinnar: ***Þetta á einungið við um Íslandsmeistaramót fullorðina.*

- Þingskjal nr. 21a borin undir atkvæði með áorðnum breytingum og samþykkt með yfirlögum meirihluta atkvæða -

Þingskjal nr. 23a.

Lagt er til að hestur sé járnaður og einnig að ef hestur missi skeifu skal hægja hest niður á fet og feta það sem eftir er keppni. Keppnisnefnd lagði fram breytingatillögu við þingskjalið sbr. þingskjal 23a.

Bormóður Skorri Steingrímsson, Fáki: Taldi mjög harkalega kveðið á um að hægja niður á fet. Nefndi dæmi ef skeifa færi undan afturfæti í A-flokki og missir þarf með af gullinu.

Bjarnleifur Bjarnleifsson: Þetta eru mál sem þurfa að fara fyrir FEIF og þurfum að halda okkur við okkar alþjóðlega samstarf.

Sigurður Ragnarsson: Útskýrir að tillagan hafi verið mikið rætt í nefndinni og málið skoðað frá öllum hliðum. Talin ákveðin millilending að setja í reglur að keppendur láti feta til enda keppinnar. Bendir einnig á að í 99% tilfellum eru hestar að missa skeifur að framan en ekki að aftan. Tillagan skýrir málin fyrir dómara og keppendur.

Sveinbjörn Þingforseti: Varpar fram spurningu um að ef hestur á eftir að fara einn skeiðsprett. Hvort hann getur farið að brautarenda og fetað síðasta sprett?

Jóhann G. Jóhannsson: Vill að tekið sé út „að hestur skuli vera járnaður.“

Erling Sigurðsson: Leggur til að tillagan sé samþykkt. Þessi samtök eigi að vera í forsvari fyrir því að keppa á járnudum hestum. Engar skeifur, engin mál! Er þetta fólk í fötum?

Guðjón Magnússon, Herði: Leggur til að þessi umræða verði tekin fyrir hjá FEIF.

Kristinn Guðnason: Vill senda ályktun til FEIF. Vitum ekkert endilega af því hvort afturfóta skeifa fer undan, gerist í mesta lagi 1% tilfella. Þurfum að hugsa um hvort það sé sanngjarnt að hestur sé felldur úr keppni þó hann skili sínu.

Kristinn Hugason: Við Íslendingar mótum reglurnar og Fífó fylgi í kjölfarið. Dæmi um skeifnaleysisreið og vill að tekið sé á þeim málum.

Jónas Vigfússon: Telur að vanti inn í breytingartillögunum um að knapi geti ákveðið að hætta keppni, þ.e. „Ef knapi ákveður að hætta keppni skuli hann hægja niður á fet og feta það sem eftir er.“

Sigurður Ragnarsson: Þarf ekki að bæta inn að knapi getur haft það í sinni hendi hvort að hann hætti eða stígi af baki og fari af vellinum. Ef afturfótaskeiður fari undan að þá er það af trassagangi við járnungu.

Bjarnleifur Bjarnleifsson: Eru hestar að missa skeifu í undankeppni eða úrslitum?

Erling Sigurðsson: Hef keppt í mörg ár. Þarf að hafa í huga að hestur sé látinn feta. Skynsemin þarf að ráða. Bendir á óþægindi sem geta skapast fyrir aðra keppendur ef knapi fer af baki í miðri braut.

Guðrún Magnúsdóttir, Loga: Bendir á mikið eftrlit á mótum, áverkar o.fl. Telur sjálfsagt mál að knapar hægi niður á fet ef skeifa fer undan. Ástæða þess að skeifa dettur er jafnvægisleysi og of miklar kröfur knapans. Mikil umræða um velferð dýra og verðum að hugsa um ímynd okkar. Leggur til að tillagan verði samþykkt.

- Þingskjal nr. 23a borið undir atkvæði og samþykkt með yfirlit meirihluta -

Þingskjal nr. 24.

Lagt er til börnin keppi eftir sömu reglum og unglingar. Nefndin leggur til að tillagan sé felld.

Þingforseti bendir á að æskulýðsnefnd fjallaði líka um tillöguna og óskaði eftir ábendingum frá þeirri nefnd.

Þorvarður Helgason: Sat í æskulýðsnefnd og skýrði frá umræðum í nefndinni. Mjög skiptar skoðanir og þá sérstaklega varðandi stökksýningu barna í úrslitum. Samþykkt að tillagan verði ekki lögð fram óbreytt.

Darri Gunnarsson: Rætt mikið í keppnisnefndinni. Mikið rætt um stökksýninguna. Ef um er að ræða öryggismál inni á vellinum á að taka það fyrir á þeim vettvangi. Góður reiðhestur getur verið mjög góður keppnishestur í barnaflokki, með þessari breytingu er verið að biðja um keppnishesta. Leggur til að við fellum þessa tillögu.

- Þingskjal nr. 24 borið undir atkvæði og tillagan felld með yfirlit meirihluta -

Þingskjal nr. 11a

Lögð fram breytingartillaga keppnisnefndar þingskjal 11a.

Lagt er til að leggja fram tillögu á aðalfundi FEIF þess efnis að dregið verði um rásröð keppenda á alþjóðlegum mótum.

- Þingskjal 11a samþykkt samhljóða -

Þingskjal nr. 25.

Lagt til að keppendur í barna-, unglinga- og ungmennaflokki megi koma með fleiri en einn hest til forkeppni í gæðingakeppni.

Sveinbjörn þingforseti bendir á að tillagan hafi einnig verið til umræðu í æskulýðsnefnd.

Bjarnleifur Bjarnleifsson: Bendir á misræmi í fjölgun/fækkun hrossa í keppni.

Ingvi Karl Jóhannesson, Sleipni: Sat í í æskulýðsnefnd. Benti á að keppandi megi aðeins koma með einn hest í úrslit samkvæmt tillögnum.

Þorvarður Helgason: Upplýsti að æskulýðsnefnd hafi verið sammála tillögunni en má ekki setja annan knapa á hinn hestinn. Leggur til að tillagan verði samþykkt.

- Þingskjal nr. 25 samþykkt gegn örfáum atkvæðum -

Þingskjal nr. 28.

Fjallar um að tryggt verði að bestu pör (hestar og knapar) nái að komast í töltkeppnina á Landsmóti. Nefndin leggur til að tillagan sé felld.

Jóhann G. Jóhannsson: Spyr hvort við séum að keppa eftir fibó og telur ekki rétt að við séum að samþykkja eitthvað annað.

Erling Sigurðsson: Við eigum að vera leiðandi. Erum Íslendingar ekki útlendingar.

- Þingskjal nr. 28 felld með öllum greiddum atkvæðum -

Fram kom frávísunartillaga um að vísa þingskjölum númer 29 og 29a frá og var það samþykkt gegn 1. Undirritað af Halldóri Svanssyni, Ágústi Hafsteinssyni og Sigurði Ævarssyni.

Þingskjal nr. 30

Lagt er til að gera breytingu varðandi brokkið í A-flokki gæðinga og því gert jafnt undir höfði eins og öðrum gangtegundum. Keppnisnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

- Þingskjal nr. 30 borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða -

Sigurður Ragnarsson þakkaði þingfulltrúum í keppnisnefnd fyrir góða samvinnu og óskaði þinginu góðs gengis.

KYNBÓTANEFND

Kristinn Hugason var formaður kynbótanefndar. Í kynbótanefnd sátu 15 fulltrúi. Lá aðeins fyrir eitt þingskjal nr. 3 fyrir nefndinni .

Þingskjal nr. 3.

Í tillögunni er lagt til að knapi fái upplýsingar jafnóðum og hestur hækkar í einkunn þannig að knapi geti einbeitt sér að öðrum gangtegundum í yfirlitssýningunni. Margir tóku til máls í nefndinni og skiptar skoðanir. Getur verið til bóta en ef knapi heyrir ekki vel yrði þetta fyrirkomulag til traffla.

Kynbótanefnd lagði fram breytingartillögu nr. 3a þar sem bætt er við „sé hægt að koma því við.”

- Þingskjal nr. 3a borið upp og samþykkt samhljóða -

ÆSKULÝÐSNEFND

Þorvarður Helgason var formaður æskulýðsnefndar og í nefndinni sátu 21 fulltrúi. Nefndin tók til umfjöllunar þrjár tillögur og eina tillögu til afgreiðslu.

Þingskjal nr. 22.

Fjallar um að skoða að taka upp styrkleikaskiptingu í barna-, unglinga- og ungmennaflokkum. Nefndin leggur til að tillagan sé samþykkt.

Sigurður Ragnarsson, Mána: Tillagan hentar aðeins einum eða tveimur félögum þar sem í flestum félögum eru svo fáir keppendur. Leggur til að tillagan sé felld.

Sigurður Ævarsson: Tillagan góð að mörgu leyti. Setja þessa tillögu í milliþinganefnd og til umfjöllunar hjá æskulýðsnefnd LH og keppnisnefnd LH.

Þorvarður Helgason: Nefndin var sammála um að styðja þessa tillögu. Þannig að heimilt væri að bjóða upp á þetta. Þegar barna- og unglingaflokkar eru orðnir mjög stórir að þá er mjög gott að geta boðið upp á þessa skiptingu.

- Þingskjal nr. 22 borið upp og samþykkt með meirihluta atkvæða -

Þorvarður kynnti að búið væri að gera grein fyrir umræðum í æskulýðsnefndinni um þingskjöl 24 og 25. Hann þakkaði nefndarfólki í æskulýðsnefnd gott starf. Hópurinn stækkar stöðugt og gríðarlegur áhugi fyrir æskulýðsstörfum. Formaður vakti athygli á að hægt væri að nálgast handbók æskulýðsfulltrúa á heimasíðu LH og einnig er hægt að skoða eintak hér frammi.

FERÐA- OG UMHVERFISNEFND

Vilhjálmur Ólafsson var formaður ferða- og umhverfisnefndar og kynnti álit hennar. Í nefndinni störfuðu 18 fulltrúar. Fyrir nefndinni lág ein tillaga.

Þingskjal nr. 2.

Mikil umræða var í nefndinni um tillöguna. Nefndin leggur til að tillaga 2 sé felld en nefndin leggur fram fjórar ályktanir um þessi mál.

Valtýr Þingforseti leggur fyrir þingið hvort samþykkt sé afbrigði á fundi. Þingskjal 2 er breytt í fjögur þingskjöl og er það borið undir atkvæði og samþykkt. Vilhjálmur kynnti þingskjöl 2a, 2b, 2c og 2d.

Þingskjal nr. 2a.

Því er beint til hestamannafélaga og svæðisbundnu reiðveganefnda nna að leita aðstoðar Sæmundar Eiríkssonar í gegnum LH hvað varðar skipulagsmál og annað það sem starfssvið hans segir.

Vildi benda á það að ekki væri rétt að vísa á persónu og kom með breytingartillögu um að „leita aðstoðar sérfræðings”.

Halldór H.: Koma með breytingartillögu um að hafa „fagaðili” í stað „sérfræðings”.

- Þingskjal nr. 2a borið undir atkvæði með áorðnum breytingum og samþykkt samhljóða -

Þingskjal nr. 2b.

Fjallar um að stjórn LH leiti allra leiða til að halda áfram þeirri vinnu sem hafin er við skráningu reiðleiða. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Ómar Diðriksson, Geysi: Lýsir ánægju sinni yfir þessari ályktun. Upplýsir að byrjað sé að vinna í reiðvegakortlagningu í Rangárvallasýslu.

- Þingskjal nr. 2b samþykkt samhljóða -

Þingskjal nr. 2c.

Þar er LH hvatt til að leita leiða til að fá gamlar reiðleiðir (þjóðleiðir) sem hefur verið lokað opnaðar að nýju.

Kristinn Hugason: Tekur undir orð Vilhjálms um mikilvægi reiðvegamála. Lykilatriði til framtíðar fyrir hestamenn og greinina sem slíka. Mikilvægt að byggja á fornum reiðleiðum og sögum. Leiðir eins og Kónsvegurinn í því ljósi mikilvægur. Gagnrýnir orðalag í þingskjalinu, bendir á að ekki er heimilt að loka löndum fyrir umferð. Almennungur á umferðarrétt. Vill að orðalag verði skýrara í ályktuninni og greinargerð með ályktuninni felld út.

Halldór Halldórsson: Útskýrir að hægt sé að beina til sveitarstjórna að opna ákveðnar leiðir en LH geti ekki farið í lögfræðideilur við landeigendur.

Kristinn Guðnason: Er sammála Kristni Hugasyni um að ólíðandi er verið sé að loka gamalgrónum reiðleiðum. Þar þurfi að horfa til umferðarréttar almenningss. En bendir jafnframt á mikilvægi þess að ganga vel um landið.

Bjarni Þorkelsson: Starfaði í ferða- og umhverfisnefnd. Hann telur fulla ástæðu til að skoða málin og telur ályktunina góða. Er samþykkur að greinargerðin sé felld niður.

Kristinn Hugason: Leggur fram breytingatillögu við þingskjal 2c um að bæta við „allra“ í tillögunu og hljómar hún þá þannig: „... hvetur LH til að leita *allra* leiða til að fá gamlar reiðleiðir (þjóðleiðir) sem hefur verið lokað opnaðar að nýju.“ Leggur jafnframt til að fella greinargerðina út. Einnig kemur hann inn á að það gæti reynst óhjákvæmilegt í einhverjum tilfellum að fara í lögfræðimál sbr. umferðarrétt.

Sveinbjörn tekur við stjórn fundarins og Valtýr biður um orðið.

Valtýr Valtýsson: Í sjálfu sér allt rétt sem kemur fram í greinargerðinni. Hann er mjög fylgjandi því að opna reiðleiðir en við verðum að átta okkur á því að sveitarstjórn er ekki lögregla. Það eru aðstæður á Kónsveginum að það er ekki hægt að opna leiðina vegna nýtingu landsins. Umgengnin um landið veldur einnig áhyggjum í einstaka tilfellum.

Verður að huga að rétti landeigenda og leggur áherslu á að vinna að þessu máli í samvinnu allra aðila. Er sammála að fella greinagerðina út.

Haraldur Þórarinnsson: Skýrir að réttarstaða um að gamlar reiðleiðir eigi að vera opnar er ekki skýr. Það er búið að reka nokkur dómsmál varðandi þessi mál og þau hafa fallið hestamönnum í óhag. Því er mikilvægt að semja um reiðvegagagninu. Reiðvegir verða að vera inn á skipulagi ef það á að opna þá.

Bjarni Finnsson: Segir frá því að hann hafi verið mikið á ferðinni á Kónsveginum. Beinir því til sveitarstjóra Bláskógabyggðar að semja við þann eina bónda sem kemur í veg fyrir að vegurinn sé opnaður. Býðst til að fara með í heimsókn til þess landeigenda. Telur að ekki sé nóg að opna reiðleið, það verður einnig að gera aðstöðu fyrir hestamenn til að umgengnin verði í lagi.

- Þingskjal 2c með áorðnum breytingum borið upp til atkvæða og samþykkt samhljóða -

Þingskjal nr. 2d.

Lagt er til að séð verði til þess að þingskjal nr. 22 frá síðasta landsþingi LH verði fylgt eftir. Búið að vinna í málinu og óskaði formaður nefndar eftir að Halldór Halldórsson skýrði hvernig þessi reiðvegamálin standi. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Halldór Halldórsson: Útskýrði þá vinnu sem hefur farið fram varðandi þingskjal 22, frá landsþinginu 2006 í Borgarnesi. Bann við akstri vélknúinna ökutækja á reiðvegum. Upplýsti að áformað er að leggja fram frumvarp á alþingi vorið 2009 og afgreiðsla þess fari fram á haustþingi 2009, varðandi breytingu á umferðarlögum. Las upp bréf til samgönguráðuneytis frá nefnd LH sem undirbjó breytingar á umferðarlögum. Þar kom m.a. fram að ekki kemur fram í lögnum að akstur vélknúinna ökutækja sé bannaður á reiðvegum. Réttarstaða hestamanna á reiðvegum er því enginn. Bréf nefndarinnar liggur fyrir í samgönguráðuneytinu og undirbúningsnefndin bíður fundar með samgöngunefnd alþingis. Ráðherra var ekki tilbúinn til að setja bráðabirgðalög varðandi bann við akstri ökutækja á reiðleiðum.

Vilhjálmur Ólafsson: Þakkaði Halldóri fyrir gott starf í reiðvegamálum. Hann hvatti þingfulltrúa til að vera vakandi heima í héraði varðandi skipulagsmál reiðvegamála og að halda umræðum um reiðvegamál á lofti í sínum félögum. Hvatti hestatímarit til að taka þessi mál til umfjöllunar.

- Þingskjal nr. 2d borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða -

ÖRYGGISNEFND

Eyþór J. Gíslason formaður stýrði störfum nefndarinnar en alls störfuðu 13 þingfulltrúar í henni. Fyrir öryggisnefnd lágu engin þingakjöl. Gunnar Sturlusson kynnti störf nefndarinnar og vísaði í fundargerð hennar um niðurstöður.

Matarhlé til kl. 13:00

KOSNINGAR:

Sveinbjörn Sveinbjörnsson þingforseti kynnti að kjósa eigi um formann, varaformann, 5 meðstjórnendur, 5 varastjórnarmenn, 2 skoðunarmenn og fulltrúa á ÍSÍ þing. Óskaði eftir heimild þingsins til þess að kosningar fari fram núna en ekki síðar í dag, eins og reglur Landssambandsins gera ráð fyrir og var það samþykkt. Hann bað um afbrigði við þingsköp þannig að atkvæðagreiðsla fari ekki fram skriflega ef aðeins er tilnefnt í þau stjórnarsæti sem kosið er um og var það samþykkt.

Guðmundur Hagalínsson formaður kjörnefndar kynnti og gerði grein fyrir tilnefningum nefndarinnar.

STJÓRN LH:

- a) **Formaður LH til tveggja ára.** Tillaga kjörnefndar; Haraldur Þórarinnsson, Sleipni. Samþykkt með lófataki.
- b) **Varaformaður LH til tveggja ára.** Tillaga kjörnefndar; Vilhjálmur Skúlason, Fáki. Samþykkt með lófataki.
- c) **Fimm meðstjórnendur til tveggja ára.** Kjörnefnd stillti þannig upp: Marianna Gunnarsdóttir, Sigfús Helgason, Sigurður Ævarsson, Oddur Hafsteinsson og Gunnar Sturluson.
Viðbótartillögur voru úr fundarsal: Sigurbjörn Bárðarson stakk upp á Ísleifi Jónassyni, Geysi, í aðalstjórn LH. Guðjón Magnússon stakk upp á Presti Karlssyni, Herði, í aðalstjórn. Guðbjörg Guðmundsdóttir stakk upp á Sigrúnu Þórðardóttur, Þyt, í aðalstjórn.

Fulltrúum í framboði var boðið að kynna sig og tóku eftirtaldir til máls:

Ísleifur Jónasson býður fram krafta sína í stjórn LH. Ekki mikið um keppnismenn í stjórn LH og vill hann sýna þakkalæti fyrir þá miklu vinnu.

Pröstur Karlsson gefur kost á sér og finnst ágætt að kosið sé um stjórnarmenn. Var gjaldkeri Harðar í mörg ár og verið stjórnarmaður. Óskaði eftir góðum kosningum.

Sigrún K. Þórðardóttir er í Hestamannafélaginu Þyt og er formaður þess. Hefur starfað fyrir hestamannafélög í mörg ár. Nefndi Sigrún að verið væri að kjósa konur sem bankastjóra og því ekki að fá konur í stjórn LH. Mikilvægt að hafa fulltrúa landsbyggðarinnar og litlu félaganna í stjórn.

Gunnar Sturluson gefur kost á sér í stjórn. Stundar tamningar í Hýrsdal í Snæfellsnesi, hefur unnið að félagsmálum hestamanna og er í stjórn Snæfellinga.

Gengið var til skriflegrar kosninga um 5 meðstjórnendur. Tveir hópar af talningafólki fór afsíðis og tók til starfa.

Sveinbjörn þingforseti gerði þá tillögu að meðan á talning atkvæða færi fram væri flutt erindi um flokkun og skráningu reiðvega, kynning á vinnu LH og var það samþykkt.

ERINDI: FLOKKUN OG SKRÁNING REIÐVEGA.

Sæmundur Eiríksson flutti erindi um Flokkun og skráningu reiðvega, kynning á vinnu LH.

Halldór Halldórsson og Sæmundur Eiríksson fóru yfir skráningu reiðvega og tilgangs þess og markmið. (Hægt að sjá á glærum)
Sveinbjörn þakkaði fyrir þessa kynningu og gaf orðið laust.

Haraldur Þórarinnsson: Þakkaði það traust sem honum var sýnt með kosningu sem formanns til næstu tveggja ára. Skýrði einnig frá vinnu Sigríðar Björnsdóttur dýralæknis um velferðarmál hrossa. Þetta verður lagt til grundvallar í samstarfi við FEIF um velferð hrossa.

Erling Sigurðsson og Kári Arnórsson sögðu skemmtisögur meðan beðið var eftir niðurstöðu kosninga.

KOSNINGAR, framhald:

Guðmundur Hagalínsson kynnir niðurstöður talninga:

c) Fimm meðstjórnendur til tveggja ára. Greidd atkvæði voru 144.

Sigurður E. Ævarsson, Sörla - 127

Marianna Gunnarsdóttir, Fáki - 124

Oddur Hafsteinsson, Andvara - 101

Sigfús Helgason, Létti - 93

Ísleifur Jónasson, Geysi - 93

Gunnar Sturluson, Snæfellingi - 64

Sigrún K. Þórðardóttir, Þyt – 63

Þröstur Karlsson, Herði – 46

Sigurður, Marianna, Oddur, Sigfús og Ísleifur eru því rétt kjörnir meðstjórnendur til næstu tveggja ára.

d) Fimm varastjórnarmenn til tveggja ára. Kjörnefnd stillti þannig upp: Sigrún Valdimarsdóttir, Mána, Þorvarður Helgason, Fáki, Kjartan Hreinsson, Hornfirðingi, Eyþór J. Gíslason, Glað og Ingvar Ingvarsson, Herði.

Sigurður Ævarsson gerði tillögu að Sigrúnu K. Þórðardóttur, Þyt og Sigfús Guðmundsson gerði tillögu að Gunnari Sturlusyni, Snæfellingi. Gengið var til kosninga um .

Sveinbjörn þingforseti óskaði eftir samþykki fundarins að fresta kosningu meðan talning færi fram og var það samþykkt.

ERINDI: Hvað á LH að standa fyrir? Kynning á vinnu LH.

Vilhjálmur Skúlason flutti erindi um fyrir hvað á LH að standa.

Vilhjálmur Skúlason kynnti niðurstöður á spurningum sem lagðar voru fyrir nefndir þingsins. Mismikið lá fyrir nefndunum og því höfðu ekki allar tíma til að fara yfir þessar spurningar. Æskulýðsmál, keppismál og reiðvegamál stærstu málaflokkar LH. Hestamennska bæði keppnisíþrótt og almenningsíþrótt. Öryggismál stór liður í starfi LH. LH er þriðja stærsta sérsamband innan ÍSÍ. Samband hestamannafélaga við sveitarfélagin þarf að bæta. Gjalda- og skattlagningamál þarf að bæta í samstarfi við sveitarfélög. Mannvirkjamál stór liður hjá hestamannafélögum. Gríðar mikill kostnaður meðan önnur íþróttafélög þurfa ekki að leggja í eins mikinn kostnað. Unnið er mikið í menntamálum, s.s. þjálfamál. Vilhjálmur kom inn á kynbótamál, landliðið, útgáfumál og sögu LH. Alþjóðamál mjög stórt mál sem hægt væri að hafa langa kynningu fyrir. Íslendingar þurfa að leiða reglur í kringum íslenska hestinn. Þurfum að halda upp merki Íslands á alþjóðastarfi. Hvað vilja félögin í landinu að LH geri fyrir þau? Óskar eftir að formenn nefnda geri grein fyrir því hvaða umræða fór fram í nefndunum.

Kristinn Hugason: Niðurstöður nefndarinnar dreift á fundinum og fór Kristinn yfir þær. Þurfum að halda gleðinni í hestamenskunni og halda henni sem fjölskyldu íþrótt.

Sveinbjörn kom með tilkynningu að fulltrúar sem ætla á þingslitafagnaðinn tilkynntu það hjá Oddrúnu.

KOSNINGAR, framhald:

Guðmundur Hagalínsson þakkaði kynnir niðurstöður talninga:

d) Fimm varastjórnarmenn til tveggja ára.

1. varamaður: Sigrún K. Þórðardóttir, Þyt - 132
2. varamaður: Sigrún Valdimarsdóttir, Mána - 130
3. varamaður: Eypór Jón Gíslason, Glað - 112
4. varamaður: Gunnar Sturluson, Snæfellingi - 110
5. varamaður: Þorvarður Helgason, Fáki - 96

KOSNING SKOÐUNARMANNA:

Kjörnefnd stakk upp á skoðunarmönnum til næstu tveggja ára:

Haraldur Guðfinnsson, Gusti
Ólöf Guðmundsdóttir, Fáki

Samþykkt samhljóða með lófataki og þingforseti lýsti þau réttkjörin.

Kjörnefnd stakk upp á Sigurði Ragnarssyni til vara og var það einnig samþykkt með lófataki.

FULLTRÚAR LH Á ÞING ÍSÍ:

Tillaga kom um að vísa til stjórnar að finna fulltrúa á næsta þing ÍSÍ vorið 2009.

Engar mótbárur bárust og samþykkt samhljóða með lófataki.

Guðmundur óskaði kosnum stjórnarmönnum til hamingju og þakkaði nefndarmönnum í kjörnefnd fyrir gott samstarf.

ERINDI: Hvað á LH að standa fyrir? Framhald

Sigurður Ragnarson gerði athugasemd við lengd erindis Kristins Hugasonar.

Vilhjálmur Ólafsson kynnti niðurstöður í ferða- og umhverfisnefnd. LH verði áfram sama grasrótin og verið hefur og hlúð verði vel að henni.

Kristinn Hugason með andsvar við athugasemd Sigurðar Ragnarssonar og telur til of mikils ætlast að með allar þessar viðamiklu fyrirspurnir að þá megi ekki sinna því illa.

Gunnar Sturluson, formaður öryggisnefndar, kynnti niðurstöður öryggisnefndar og vísaði í fundargerð nefndarinnar. Hestamennskan forvörn og þarf að gera meira í því.

Bjarni Finnsson, formaður allsherjarnefndar upplýsti að allsherjarnefnd hefðu tekið mjög stuttan tíma í þetta stóra mál þar sem það lágu 15 tillögur fyrir nefndinni. Nefndin leggur til að þessum fyrirspurnum verið vísað til hestamannafélaganna og óskað eftir afstöðu þeirra til þessara mála.

Vilhjálmur Skúlason þakkaði nefndunum fyrir gott starf. Lagði áherslu á að stefnumótunarvinna yrði að vera í stöðugri endurskoðun. Taldi tillögu allsherjarnefndar mjög góða og upplýsti að farið yrði strax að vinna að því að senda fyrirspurnir til hestamannafélaganna og óskar eftir góðri þátttöku.

Valtýr Þingforseti minnti á heimboð að Syðri-Fljótum milli klukkan 16 og 18 í dag. Ítrekaði skil á könnuninni og að hægt væri að skila henni í kassa hér frammi.

ALLSHERJARNEFND

Pröstur Karlsson formaður allsherjarnefndar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar en alls störfuðu 27 þingfulltrúar í nefndinni. Fengu 15 tillögur af 34.

Þingskjal nr. 1.

Þar er lagt til að fækka fulltrúum á landsþing úr 171 í 119 miðað við núverandi fjölda félagsmanna hestamannafélaga. Tillagan var rætt mikið í nefndinni og leggur nefndin til að tillagan verði felld.

- Þingskjal nr. 1 borið undir atkvæði og fellt gegn örfáum meðatkvæðum -

Þingskjal nr. 4.

Lagt til að endurskoðaðir reikningar Landsmóts ehf. verði kynnt kjörnum fulltrúum félaganna á Landsþingum og einnig bráðabirgðauppgjör þess móts sem nýafstaðið væri.

- Þingskjal nr. 4 samþykkt samhljóða. –

Pingskjal nr. 5.

Lagt til að beina því til stjórnar LH að tillögur hennar séu sendar hestamannafélögum fjórum vikum fyrir skil á . Nefndin leggur fram breytingartillögu 5a um „að fastanefndir og stjórn LH skili frá sér tillögum þremur vikum áður en tillögufrestur hestamannafélaga rennur út.”

Bjarni Þorkelsson: Hvernig verður þá með frest hestamannafélaga, sem er 8 vikur og þá samanlagt 11 vikur. Aðeins umræður um þetta.

- Pingskjal nr. 5a samþykkt gegn einu móttatkvæði -

Pingskjal nr. 6

Nefndin leggur fram breytingartillögu 6a og vill að millipinganefndir kynni stöðu mála sem beint er þetta á landsþinginu fyrir formannafundina sem haldnir eru árin á milli landsþinga.

- Pingskjal nr. 6a samþykkt samhljóða -

Pingskjal nr. 14.

Fjallar um að breyta lögum og reglum LH um val hrossa og keppenda á Landsmót. Nefndin leggur til að tillaga 14 verði felld eftir miklar umræður í nefnd. Keppnisnefnd lagði einnig til að tillagan væri felld.

Guðlaugur Antonsson: Veltir því fyrir sér hvað eigi að gera til að léttja dagskrá landsmótanna. Kynbótahrossum hefur verið fækkað en ekki gæðingunum frá hestamannafélögnum. Ekkert hefur verið gert á vegum hestamannafélaga. Hvaða leið viljum við fara? Enginn hefur að koma með hest með lágar einkunnir á landsmót. Lýsti eftir hugmyndum frá þinginu í þá átt að leysa þessi mál.

Jónas Vigfússon: Tók undir orð Guðlaugson og taldi nauðsynlegt að ræða landsmótin enn frekar. Lagði til að haldin yrði ráðstefna/fundur um heildarmörkun á landsmótunum og taka heilan dag í þetta.

Kristinn Guðnason: Tekur undir orð Guðlaugs um að taka upp lágmark inn á landsmót.

Haraldur Þórarinnsson: Lagði áherslu á að skoða landsmótin í heild sinni. Taldi að stjórn LH myndi verða við því að halda fundi út um land til þess að ræða skipulag landsmótanna. Sammála Jónasi um að taka góðan dag í skoða málin. Þurfum að vanda okkur ef við ætlum að gera breytingar.

Sigurður Ragnarsson: Skýrði frá umræðum sem fóru fram í keppnisnefnd um þingskjal 6 og sagði skoðanir hafi verið mjög skiptar. Leggur til að tillögunni verði vísað til millipinganefndar.

Kristinn Hugason: Andvari lagði fram tillögu fyrir tveimur árum og það hefur verið gert áður og allar tillögur felldar. Leggur til að tillagan verði felld.

Bjarnleifur Bjarnleifsson: Lagði áherslur á félagslega þáttinn í landmótshaldi. Skoða verður fyrirkomulag landsmóta í heild sinni og leggur til að þessari landsmótsumræðu verði vísað meira inn til hestamannafélaganna.

Kári Arnórsson: Tekur undir að vísa tillögunni til umræðu í hestamannafélögunum og taka svo umræðu á víðari vettvangi um skipulag landsmótanna. Leggur til að vísa tillögunni til stjórnar.

Kristinn Guðna: Taldi formanninn ekki hafa lesið tillöguna því þar kemur fram að öll félög fái að senda einn hest. Er að hluta til tvær tillögur. Tók undir með Sigurði um að vísa þessari umræðu til millipinganefndar.

Bjarnleifur Bjarnleifsson: Taldi að góðir hestar færu líka heim á þriðjudegi, líkt og þeir slakari.

Guðlaugur: Taldi að þetta snerist allt um tíma en ekki félagslega þáttinn. Gengur ekki að fjölga endalaust hestunum.

Sveinbjörn, Gusti: Sammála Jónasi um að skoða landsmótin í heild sinni. Skoða þarf rétt allra, gæðingana, kynbótahrossanna og fólksins. Um 14.000 manns á landsmóti í sumari og þetta þarf allt að smella saman.

Sigrún Þórðardóttir: Kom með þá hugmynd að lengja landsmótin.

Bjarni Þorkelsson: Tekur undir með öðrum um að halda ráðstefnu um fyrirkomulag landsmóta. Kom með tillögu í gær sem ekki hefur verið minnst á og auglýsir eftir einhverju öðru.

Sigfús Guðmundsson: Telur að komin sé tími til að skoða það að fækka hrossum í keppnum. Reglur sem eru í gildi eru hugsanlega sveigjanlegar á þann hátt að auka megi fjöldi félagsmanna á bak við hvern keppnishest. Þannig væri hægt að leysa þetta mál á einfaldan hátt án reglubreytinga.

Jónas Vigfússon: Vill bæta við umræðu um landsmótin með plagginu um LH umræðu. Halda svo í framhaldinu formannafund og ráðstefnu.

Jóhann G. Jóhannsson: Lagði til að hafa fast 25 félagsmenna á bak við fyrsta hestinn og síðan fjölgi félögum á bak við hvern hest.

Pröstur Karlsson: Bundið í lög um fjölda félaga á bak við hvern hest í keppnum á landsmóti.

Lögð fram breytingartillaga um að vísa tillögu 14 til millipinganefndar.

- Breytingartillaga borin upp og samþykkt með yfirlögum meirihluta atkvæða -

Pingskjal nr. 16.

Nefndin leggur fram breytingartillögu **16a**. Þar er lagt til að ákvörðun um landsmótsstað liggi fyrir að minnsta kosti 5 árum fyrir mót. Samningar skulu vera frágengnir og undirritaðir minnst þremur árum fyrir mót. Ef samningar nást ekki skal staðarval endurskoðað.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson: Vill ekki flana að neinu. Við höfum horft upp á ýmislegt gerast á fimm árum.

- Pingskjal nr. 16a borið undir atkvæði og samþykkt gegn örfáum mótatkvæðum -

Pingskjal nr. 18.

Allsherjarnefnd leggur fram breytingartillögu, 18a. Lagt til að beina því til hestamannafélaga að notkun félagsbúninga verði á öllum þeim stórmótum sem haldin eru og eru lögleg og opin.

Bjarni Finnsson: Mjög skiptar skoðanir í nefninni um þetta mál. Breytingartillagan felur í sér meiri sveigjanleika en var í upphaflegu tillögunni.

Guðlaugur Antonsson: Telur að það vanti orðið skylda í tillöguna. Gerir athugasemd við orðalag.

Próstur Karlsson: Nefndin vildi ekki að það væri skylda að nota félagsbúninga heldur beina því til félagsmanna að nota félagsjakkana.

Haraldur Þórarinnsson: Taldi að við ættum að kveða fastar á um þetta og hafa þetta sem skyldu. Slíkt gildir í öðrum íþróttagreinum. Leggur til að tillaga 18 verði samþykkt.

Sigurður Ævarsson: Benti á orðalag í breytingartillögunni.

Marínó Hákonarson, Hendingu: Taldi að engin væri á móti því að mæta í félagsbúningum á mót. En spyr hvort til séu einhverjar reglur um félagsbúninga félaga. Eigum að snyrtileg. Skýrði frá kostnaði sem fylgdi félagsbúningum.

Bergur Hallgrímsson, Freyfaxa: Orðalagsbreyting um að „keppendur” klæðist félagsbúning en ekki *allir* á mótinu.

Porkell Bjarnason: Dregur í efa að regnhlífarsamtök eins og LH seti sínum félögum fyrir með þessum hætti. Sjálfsagt að félagsbúningar séu notaðir en telur að það eigi að vera í valdi hvers félags að gera kröfu um það.

Próstur Karlsson: Leggur fram breytingartillögu við breytingartillögu. Beina því til hestamannafélaga að nota félagsbúninga.

Erling Sigurðsson: Upplýsti að mjög erfitt og dýrt væri að fá svona jakka.

Erlendur Arnason: Veltir fyrir sér hvernig eigi að fylgja því eftir ef það verður skylda að keppa í félagsbúningum. Eiga þá dómara að dæma viðkomandi knapa úr keppni?

- Tillaga 18a með áorðnum breytingum samþykkt gegn einu atkvæði -

Þingskjal nr. 19.

Fjallar um að stofna jöfnunarsjóð til jöfnunar aksturskostnaðar vegna dómara til þeirra félaga sem þurfa að fá dómara langt að. Engin bað um orðið.

- Samþykkt að vísa þingskjali nr. 19 til stjórnar LH -

Þingskjal nr. 20

Fjallar um að stjórn og fræðslunefndir LH íhugi betur fundar og námskeiðsstaði með tilliti til fundarmanna svo þeir þurfi ekki að aka meira en 1:30 klst. á áfangstað. Nefndin leggur til að vísar tillögunni til stjórnar. Engin bað um orðið.

- Samþykkt að vísa þingskjali nr. 20 til stjórnar LH -

Þingskjal nr. 26.

Fjallar um að breyta kafla 5.5. í lögum og reglum LH um að HÍDI geri tillögur til dómaranefndar LH um skipan yfirdómara og hæfustu dómara sem völ er á. Nefndin leggur til að vísa tillögu til millipinganefndar.

Þórir Örn Grétarsson: Skýrir að tillagan kemur til vegna þess að dómaranefndin er ekki vel starfhæf að mati HÍDI.

- Samþykkt að vísa þingskjali nr. 26 til millipinganefndar -

Þingskjal nr. 27.

Fjallar um að mótshaldarar skuli sækja um íþróttadómara fyrir lögleg íþróttamót til HÍDÍ. Nefndin leggur til að vísa tillögunni til millipinganefndar. Engin bað um orðið.

- Samþykkt að vísa þingskjali nr. 27 til millipinganefndar -

Þingskjal nr. 31.

Nefndin leggur fram breytingartillögu nr. 31a. Lagt er til að félög innan LH skulu halda skrá yfir félaga sína í félagskerfi ÍSÍ, Felix. Engin bað um orðið.

- Þingskjal nr. 31a borið upp og samþykkt samhljóða -

Þingskjal nr. 32.

Lagt til að leyft verði að skila mótaskýrslum og skýrslum yfirdómnefnda á tölvutæku formi þegar mótahugbúnaður fullnægir þeim kröfum. Nefndin leggur til að tillagan sé samþykkt.

Haraldur Þórarinnsson: Spurði hvort búið væri að gera kostnaðargreininu við þessa tillögu.

Oddur Hafsteinsson: Upplýsti að ekki væri búið að gera kostnaðargreiningu en taldi að þetta myndi ekki kosta mikið.

- Þingskjal nr. 32 borið upp og samþykkt samhljóða gegn einu atkvæði -

Þingskjal nr. 33.

Fjallar um að Skógarhólanefnd verði endurreist. Nefndin leggur til að tillagan sé samþykkt.

Sigfús Helgason: Tilkynnir að hann muni ekki greiða þessari tillögu atkvæði sitt.

- Þingskjal nr. 33 borin upp og samþykkt gegn nokkrum mótatkvæðum.

Þingskjal nr. 34.

Lagt til að settar verði skýrar reglur um lágmarksaðstöðu knapa, keppnishesta og gesta á landsmótsstöðum. Nefndin leggur til að tillagan verði vísað til mannvirkjanefndar LH.

- Samþykkt samhljóða að vísa þingskjali nr. 34 til mannvirkjanefndar LH -

Þröstur þakkar nefnarmönnum og ritara nefndar gott samstarf.

FJÁRHAGSNEFND

Ólöf Guðmundsdóttir formaður fjárhagsnefndar lagði fram fjárhagsáætlun 2009 og 2010 (**þingskjal nr. 35**) eins og nefndin gekk frá þeim. Ólöf fór yfir skýrslu fjárhagsnefndar og vísað til hennar.

- Þingskjal nr. 35 borið upp og samþykkt samhljóða -

Afgreiðsla nefnda lokið

ÁKVÖRÐUN UM VAL Á ÍSLANDSMÓTSSTAÐ:

Hestamannafélagið Létir á Akureyri mun halda Íslandsmót 2009 fyrir fullorðna.

Hestamannafélagið Hörður Mosfellsbæ mun halda Íslandsmót barna-unglinga-ungmenna árið 2009.

Hestamannafélagið Þytur í Vestur Húnaþingi mun halda Íslandsmót árið 2010 fyrir börn-unglinga-ungmenni í tilefni 60.ára afmæli félagsins.

Hestamannafélagið Sörli bauðst til að halda Íslandsmót fullorðna 2010 og var það samþykkt.

Hestamannafélagið Stígandi baust til að halda Íslandsmót fullorðna árið 2010 og var það samþykkt.

Yfirlit yfir Íslandsmótin 2009 - 2011

Íslandsmót fullorðinna árið 2009

heldur Hestamannfélagið Léttir Akureyri

Íslandsmót barna-unglinga-ungmenna árið 2009

heldur Hestamannfélagið Hörður í Mosfellsbæ

Íslandsmót fullorðinna árið 2010

heldur Hestamannfélagið Sörli Hafnarfirði

Íslandsmót barna-unglinga-ungmenna árið 2010

heldur Hestamannfélagið Þytur í Vestur- Húnaþingi

Íslandsmót fullorðinna árið 2011

heldur Hestamannfélagið Stígandi Skagafirði

Haraldur Þórarinnsson: Að gefnu tilefni þarf að hefja viðræður við viðkomandi félög og ekki vera íþyngjandi.

Sveinbjörn bar upp hvort þingið væri samþykkt þessari málsmeðferð og það var samþykkt samhljóða.

ÖNNUR MÁL:

Ómar Diðriksson, Geysi: Kom inn á tölvumál. Geysir er búinn að leggja í töluverða vinnu í að móta tölvukerfi til að halda utan um upplýsingar á mótum. Vildi einnig ræða um leigu á landsmótssvæðum. Velti því fyrir sér hvort ekki væri hægt að spara á öðrum stöðum og greiða einhverja leigu fyrir landsmótssvæði. Svæðin þurfa nauðsynlega að fá fjármagn til sín svo hægt verði að halda þeim við og byggja upp.

Það er margt sem miður fer

og manni svíður

Það standa ekki mun á mér

Er mest á ríður

Erling Sigurðsson: Óskaði eftir að breyta úr önnur mál í gamanmál. Sagði þingheimi stutta sögu af Kristni Hugasyni og forlata meri sem hann átti. Fór með eina stöku og óskaði stjórn velfarnaðar í störfum.

Guðlaugur Antonsson: Kom inn á landsmótshald. Tekjur af landsmóti voru 140 milljónir og gjöld 120 milljónir. Hagnaður af landsmótinu skýrist meðal annars af því að staðirnir hafa fengið minna til sín og sitja uppi með hallann.

Marínó Hákonarson: Kom inn á að fasteignagjöld hafi hækkað mikið fyrir mannvirki hestamanna. Allir sammála um að laga þetta en ekkert gerist. Óásættanlegt að sumarbústöðum sé hrúgað niður og greiði mun lægri fasteignagjöld en mannvirki hestamanna. Lagði fram tillögu svo hljóðandi:

56. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 skorar á Samband íslenskra sveitafélaga að beita sér fyrir því að skilgreina hesthús og íþróttamannvirki tengd hestamennsku í þéttbýli og dreifbýli sem frístundahús við álagningu fasteignagjalda.

Greinargerð:

Hesthús og tengd mannvirki eru í flokki með atvinnuhúsnæði og öðru húsnæði með gjaldstöðu allt að 1,6% af fasteignamat. Frístundahús svo sem sumarhús eru með gjaldstofn alt að 0,45%.

Ársþing LH á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október telur ófært að hesthús og tengd mannvirki skuli skattlögð umfram önnur frístundamannvirki með þessum hætti og telur að slík skattlagning sé félögum sambandsins þung byrgði eins og hún er nú.

Eyþór Jón Gíslason: Kom á framfæri að Fjórðungsmót norðvestanlands verði haldið á Kaldármelum næstkomandi sumar. Er það von mótshaldara að sjá sem flesta þar. Minntist á góðar reiðleiðir.

Kristinn Hugason: Tók undir með Marínó varðandi fasteignagjöldin. Tekur heilshugar undir tillögu Marínó og hvetur stjórn LH til að standa fast í ístaðinu varðandi þessi mál. Minntist einnig á að það væri regla við verðlaunaafhendingu kappreiðahesta og hafa það í huga fyrir næsta landsmóti að hafa jafnræði milli keppnisgreina við verðlaunaveitingu. Eitt mál til viðbótar varðandi Sigurbjörn Bárðarsson bar upp afsökunarbeiðni hafi hann sært hann.

Kári Arnórsson: Skaut inn einni stöku.

Bjarnleifur Bjarnleifsson: Óskar nýkjörinni stjórn til hamingju og óskar henni velfarnaðar. Vill þakka Hestamannafélaginu Kóp fyrir gott þing, góða aðstöðu og þingforsetum fyrir gott starf.

Sigfús Helgason: Vildi minna á og þakka Einari Ragnarssyni fyrir mjög góð störf fyrir sambandið. Þingfulltrúar klöppuðu fyrir Einari.

Kom einnig inn á að engin fulltrúi væri frá Gnýfara í Ólafsfirði. Bannað er að halda hesta í Ólafsfirði. Héðinsfjarðargöng koma inn í hesthúsahverfið þeirra. Loksins er núna að sjá fyrir endan á þessu deilumáli. Vegagerðin hefur ákveðið að taka á sig ábyrgð að greiða kostnað fyrir hagagöngu í Eyjafirði og Skagafirði. Um er að ræða þrjú hesthús og ætti ekki að vera mikill kostnaður að greiða það upp. Þingheimur sendir félagsmönnum Gnýfara góðar baráttukveðjur með góðu lófataki. Að lokum vill hann þakka Hestamannafélaginu Kóp fyrir gott þing og dáðist hér að fegurð. Hestamannafélagið Létir 80 ára á næsta ári. Bíður að ársþing Landssambands hestamannafélaga verði árið 2010 á Akureyri.

Oddur Hafsteinsson: Kemur inn á tölvuskráningu við mótahald. Geysir og Gustur í góðum farvegi. Vinna í gegnum tölvunefnd og Oddur óskar eftir að fylgjast með þeirri vinnu og styðja við þá vinnu.

Sveinbjörn Þingforseti: Las tillögu Marinós og bar hana undir þingheim. Samþykkt samhljóða.

Jón Geir Ólafsson, formaður Hestamannafélagsins Kóps: Vill þakka þingfulltrúum fyrir komuna og segir undirbúning hafa gengið vel. Vonast til að sjá sem flesta í kvöld.

Haraldur Þórarinsson: Þarf að nýta landsmótspeninga í uppbyggingu allra félaga til hinna ýmsu mála. Þakkar Akureyringum boðið. Þakkar Kópsmönnum og riturum gott starf. Þakkar fráfarandi stjórnarmönnum og býður nýja velkomna í stjórn LH.

Þingforsetum og riturum falið að ganga frá þinggerð.

Sveinbjörn Þingforseti segir 56. landsþingi LH slitið.